

1044. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. maí 2010 kl. 18:15, í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mættir voru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónsdóttir(ÁRJ), Benedikt Vilhjálmsson(BV), Birgir Már Guðmundsson(BMG), Bjarki Steingrímsson(BS), Bergur Steingrímsson(BES), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir(GJÓ), Guðrún Helga Tómasdóttir(GHT), Hildur Mósesdóttir(HM), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir(IÓB), Jón Magnússon(JM), Jóhanna Rúnarsdóttir(JR), Óskar Kristjánsson(ÓK), Ragnar Þór Ingólfsson(RÞI), Sigurður Sigfússon (SS) og Viktor Elvar Viktorsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.

- a. Umræður um fundargerð síðasta fundar. Ágreiningur um ritun fundargerða almennt.
- b. BS, GJÓ og RÞI samþykktu ekki, aðrir samþykktu fundargerð.

2. Hlutverk, ábyrgð og starfsemi stjórnar

- a. KÖJ las upp tillögur að starfsreglum stjórnar VR.
- b. Umræður

3. Dagatal stjórnar

KÖJ fór yfir framlagt dagatal stjórnar og óskaði eftir athugasemdum.

4. Skipan í ráð og undirnefndir stjórnar:

- a. Formaður bar fram tillögu um að fresta skipunum í eftirfarandi nefndir: Mímír starfsmenntun, STMS Verslunar og skrifstofu, Starfsmenntunarsjóð verslunarinnar, kjörstjórn. Samþykkt.
- b. Formaður bar upp tillögu um að stjórnir og nefndir skipti sjálfar með sér verkum. Samþykkt.
- c. Formaður bar upp tillögur sínar í eftirfarandi nefndir:
 1. Orlofsstjórn: Benedikt Vilhjálmsson, Jóhanna Rúnarsdóttir, Óskar Kristjánsson, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir. Varamenn: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson
 2. Sjúkrasjóðsstjórn: Sigurður Sigfússon, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Sigríður Stefánsdóttir. Varamenn: Birgir Már Guðmundsson og Hildur Mósesdóttir
 3. Launanevnd: Sigurður Sigfússon, Sigríður Stefánsdóttir og Birgir Már Guðmundsson.
 4. Endurskoðunarnevnd: Sigríður Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Birgir Már Guðmundsson og Bjarni Þór Sigurðsson
- d. Formaður las upp í hvaða ráðum og nefndum stjórnarmenn sitja í utan stjórnar VR sbr. framlögð gögn fundarmanna. Umræður.
- e. Samþykkt að viðhafa kosningu í ráð og nefndir og að hver stjórnarmaður skili inn sínum tillögum um aðalmann og varamann í hverja nefnd/stjórn.
- f. Niðurstaða kosningar í Orlofsstjórn

Tillaga formanns samþykkt óbreytt.

- g. Niðurstaða kosningar í Sjúkrasjóðsstjórn
Aðalmenn: Sigurður, Jón, Ingibjörg, Óskar og Sigríður Stefáns.
Varamenn: Bergur og Birgir
- h. Niðurstaða kosningar í Launanevnd
Tillaga formanns samþykkt óbreytt.
- i. Kosning Endurskoðunarnefndar
Sigríður, Hildur, Birgir, Bjarni og Ragnar Þór

5. Trúnaðarráðsfundur

Umræður.

6. Stefnumótun ASÍ í lífeyrissjóðsmálum – lagt fram

- a. KÖJ lagði fram og gerði grein fyrir vinnu sem lögð hefur verið í stefnumótunina, stöðu og næstu skref.
- b. Umræður.

7. Önnur mál

- a. SS bar uppeftirfarandi tillögu:

„Stjórn VR samþykkir að veita allt að 50 milljónum árlega í velferðarverkefni sem skilgreinist svo í starfsreglum sjóðsins: Við 6.1 gr. „Velferðarverkefni VR“ bætist nýr liður „C“:

C. Sérstakir styrkir fyrir þá félagsmenn sem hafa haft kr. 240.000.- í heildartekjur eða minna á mánuði síðustu 24 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar.

Skilyrði fyrir greiðslu slíkra styrkja er að félagsmaður leggi m.a. fram staðfestingu frá RSK um greidda staðgreiðslu síðustu 24 mánuði. (Miða skal við fullt starf.)

Þessir styrkir eru eftirfarandi:

- a. *Gleraugnastyrkur kr. 25.000 á 24 mánaða fresti*
- b. *Sjúkraþjálfun kr. 1500 í 25 skipti*
- c. *Sálfræðikostnaður kr. 4000 í 15 skipti*
- d. *Heyrnartæki kr. 100.000 á 36 mánaða fresti*
- e. *Tannviðgerð kr. 100.000 á ári en að hámarki 50%*

kostnaðar“

Samþykkt

- b. BS lagði fram eftirfarandi skriflega tillögu:

„ Þar sem fjármálaeftirlitið hefur staðfest, að stjórnarmenn þeir er stjórn VR skipaði á fundi sínum þann 10.02.2010 til setu í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmann hafa ekki hlotið staðfestingu á hæfi samkvæmt breyttu

fyrirkomulagi er tók gildi þann 10.01.2010 hjá FME. Þar sem þeir höfðu áður talist hæfir.

Með tilliti til breyttra aðferða við mat á hæfi, óskar stjórn VR eftir því við Fjármálaeftirlitið að stjórnarmenn okkar staðfesti hæfi sitt eftir þeim reglum er nú gilda og starfandi ráðgjafanefnd veiti hæfi þeirra staðfestingar með umsögn sinni. Er það einlæg ósk stjórnar að staðfesting ráðgjafanefndar FME fáiast afgreitt skjótt.“

Umræður. Samþykkt að fresta til næsta fundar.

GJÓ óskaði eftir því að láta bóka það að hún væri andvíg þessari frestun.

c. BMG – Lagði fram skriflega eftirfarandi bókun:

„Athugasemd við fyrirkomulag kosninga stjórnar í nefndir og ráð. Ég hefði kosið að fá í hendur lista yfir alla stjórnarmenn og áhuga þeirra fyrir að sitja í nefndum og ráðum. Einnig hefði ég talið heppilegra að tillögur formanns að skipun í nefndir og ráð hefðu borist stjórnarmönnum með öðrum gögnum fyrir fund“

RPI – lagði fram skriflega eftirfarandi ályktanir

1. Áskorun á stjórnvöld:

„Stjórn VR skorar á stjórnvöld að hefja opinbera ransókn á fjárfestingum Lífeyrissjóðs Verslunarmanna. Í ljósi niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem sjóðirnir voru ávittir fyrir að stunda óþarfa áhættufjárfestingar með gjaldeyrismiðlasamningum sínum. Einnig í ljósi atburða liðinnar viku tengda æðstu stjórnendum Kaupþings. Fer stjórn VR fram á að tengsl stjórnenda Lífeyrissjóðsins og Fjárfestinga hans verði skoðaðar sérstaklega. Meðal annars í tilliti þess er fram kom í rannsóknarskýrslu Alþingis um skilgreiningu á tengdum aðilum. „

2. Ályktun um skerðingu réttindaávinnslu

„Stjórn VR hvarf skerðingu á réttindaávinnslu sjóðsfélaga í Lífeyrissjóði Verslunarmanna og skorar á FME að gera úttekt á tryggingarfræðilegum forsendum og skýringum sjóðsin á skerðingum“

d. Umræður. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

e. GJÓ lagði fram skriflega eftirfarandi bókunir:

„Vil ég undirrituð bóka það að Kristinn Örn formaður VR hefur lýst vantrausti á mig og með því ekki viljað skipa mig í eina einustu nefnd eða ráð sem stjórnarmenn sitja í. „

„Ég geri athugasemdir við þær niðurstöður kosninga í Ráð og nefndir stjórnar að Sigríður Stefánsdóttir sitji sem aðalmaður í 3 nefndum en Bjarki Steingrímsson og Guðrún Ólafsdóttir ekki einni einustu nefnd.“

„Óska ég eftir ítarlegum gögnum um hverjir eru að nýta sér orlofshús VR nú í sumar og tíðni þeirra sl. 3 ár í nýtingu bústaða á vegum VR. Óska ég eftir að þessi gögn verði afhent á næsta stjórnarfundum.“

Fleira ekki gert.